

Umboðsmaður Alþingis

00 610

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun endurskoðanda	2
Skýrsla og áritun stjórnenda	3
Yfirlit um afkomu ársins	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymisyfirlit	6
Fylgiskjal með ársreikningi	7
Skýringar	8 - 12

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til forseta Alþingis

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, yfirlit um afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu umboðsmanns Alþingis á árinu 2023, efnahag 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög sem um stofnunina gilda.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð mín samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Ég er óháður umboðsmann Alþingis í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit mitt á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur skrifstofu umboðsmanns Alþingis eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið endurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit endurskoðandans. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur, séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun mín er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni.

Endurskoðandi upplýsir stjórnendur umboðsmanns Alþingis um áætlað umfang endurskoðunarinnar og um mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Kópavogi 30. apríl 2024.

AT-Ráðgjöf ehf.

Árni Tómasson, endurskoðandi.

Skýrsla og áritun stjórnenda

Umboðsmaður Alþingis er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli sérlaga. Hlutverk stofnunarinnar samkvæmt lögum er að hafa eftirlit með stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 01 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2023 var ársveltan kr. 365,5 milljónir og afkoma kr. 9,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 47 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 104,3 milljónir.

Ársverk hjá skrifstofu umboðsmanns Alþingis á árinu 2023 voru 17,5. Heildarlaunakostnaður að viðbættum launatengdum gjöldum nam kr. 304,9 milljónum.

Það er álit okkar að ársreikningur 2023 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu skrifstofu umboðsmanns Alþingis í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður og rekstrarstjóri staðfesta hér með ársreikning skrifstofu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2024.

Skúli Magnússon

Umboðsmaður Alþingis

Kolbrún B. Bjarnadóttir

Rekstrarstjóri

Yfirlit um afkomu ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs	2	361.600.000	342.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	2	3.892.666	3.563.822
Tekjur samtals		<u>365.492.666</u>	<u>346.063.822</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	306.895.701	279.175.267
Annar rekstrarkostnaður	4	45.117.411	37.072.734
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		3.753	179
Afskriftir	5	3.892.666	3.563.822
Gjöld samtals		<u>355.909.531</u>	<u>319.812.002</u>
Afkoma ársins		<u>9.583.135</u>	<u>26.251.820</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Eignir			
Handbært fé		2.522.902	2.433.662
Viðskiptakröfur við tengda aðila	7	85.899.405	85.950.997
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	8	71.735	172.296
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	15.821.490	15.235.389
Eignir samtals		<u>104.315.532</u>	<u>103.792.344</u>

Skuldir og eigið fé

Skuldir			
Viðskiptaskuldir við tengda aðila	7	381.957	0
Aðrar viðskiptaskuldir		3.610.555	908.747
Ýmsar skammtímaskuldir	10	32.520.237	25.601.307
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	20.809.648	19.402.314
Skuldir samtals		<u>57.322.397</u>	<u>45.912.368</u>
Eigið fé	9		
Hrein eign		46.993.135	57.879.976
Eigið fé samtals		<u>46.993.135</u>	<u>57.879.976</u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u>104.315.532</u>	<u>103.792.344</u>

Aðrar upplýsingar 12

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

	Skýr	2023	2022
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		9.583.135	26.252.010
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	3.892.666	3.563.822
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>(3.892.666)</u>	<u>(3.563.822)</u>
		9.583.135	26.252.010
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur við tengda aðila		51.592	(28.810.610)
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		100.561	360.762
Skammtímaskuldir að fráreginni frestun tekjufærslu		<u>10.002.695</u>	<u>217.179</u>
		10.154.848	(28.232.669)
		<u>19.737.983</u>	<u>(1.980.659)</u>
Handbært fé frá rekstri/(til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	6	<u>(4.478.767)</u>	<u>(3.857.943)</u>
		(4.478.767)	(3.857.943)
Fjármögnunarhreyfingar			
Breyting fjárveitinga skv. reglugerð nr. 566/2021	9	(20.469.976)	0
Fjárfestingarframlag	2	<u>5.300.000</u>	<u>4.800.000</u>
		(15.169.976)	4.800.000
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		89.240	(1.038.602)
		<u>2.433.662</u>	<u>3.472.264</u>
		<u>2.522.902</u>	<u>2.433.662</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum 2023	343.100.000	5.300.000	348.400.000
Aðrar breytingar fjárheimilda; Launabætur	18.500.000	0	18.500.000
Fjárveiting ársins	361.600.000	5.300.000	366.900.000
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2022	57.879.976	4.166.925	62.046.901
Breyting fjárveitinga á grundvelli reglugerðar nr. 566/2021	(20.469.976)	0	(20.469.976)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	399.010.000	9.466.925	408.476.925
Ráðstöfun fjárveitinga á árinu til rekstrar/til fjárfestinga	(352.016.865)	(4.478.767)	(356.495.632)
Staða fjárveitinga í lok árs 2023	46.993.135	4.988.158	51.981.293
	2023	2022	
Hlutfall afkomu af heildarfjárveitingu	2,7%	7,7%	
Hlutfall uppsafnaðrar afkomu af heildarfjárveitingu	13,0%	16,9%	

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015, en samkvæmt þeim gilda lög um ársreikninga nr. 3/2006. Auk þess er tekið mið af ákvörðunum reikningsskilaráðs ríkisins, sem skipað er í samræmi við ákvæði 63. gr. laga um opinber fjármál, ákvæða í IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/2019 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við skráningu viðskipta er stuðst við kostnaðarverðsreglu. Um mat á virði eigna, skulda, tekna og gjalda gilda viðeigandi lagafyrirmæli og almennar reikningsskilareglur.

Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur af almennum bankainnstæðum færast hjá ríkissjóði.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Ef eignar er aflað á verði sem vikur verulega frá gangvirði, er viðkomandi eign færð við gangvirði í efnahagsreikningi og mismunurinn til tekna eða gjalda í yfirliti um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	óafskrifað/10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar, frh.

Kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður er eignfærður við kostnaðarverði.

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skuldir

Skuldir aðrar en frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Um frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda er vísað til skýringar nr. 11.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Sundurliðanir og skýringar

2 Tekjufærsla fjárveitinga

	2023	2022
Heildarfjárveiting á fjárlögum	366.900.000	347.300.000
Fjárveiting til fjárfestinga, færð á frestaðar tekjur sjá skýringu nr. 11	(5.300.000)	(4.800.000)
Tekjufærsla fjárveitinga til rekstrar	361.600.000	342.500.000
Reiknuð tekjufærsla frestaðra tekna	3.892.666	3.563.822
	<u>365.492.666</u>	<u>346.063.822</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og uppsafnaða stöðu í árslok:

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Fjárveiting samtals
Fjárveiting ársins samkvæmt fjárlögum og fjárukaalögum	361.600.000	5.300.000	366.900.000
Uppsöfnuð staða fjárveitinga í upphafi árs (umframráðstafað)	57.879.976	4.166.925	62.046.901
Breyting fjárveitinga á grundvelli reglugerðar nr. 566/2021	(20.469.976)	0	(20.469.976)
Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu	399.010.000	9.466.925	408.476.925
Ráðstöfun fjárveitinga á árinu til rekstrar/til fjárfestinga	(352.016.865)	(4.478.767)	(356.495.632)
Uppsöfnuð staða fjárveitinga í lok árs/(umframráðstafað)	<u>46.993.135</u>	<u>4.988.158</u>	<u>51.981.293</u>

Engar rekstrartilfærslur eða fjármagnstilfærslur áttu sér stað á árinu.

3 Laun og launatengd gjöld

	2023	2023
Laun	243.567.772	225.953.835
Orlof, breyting	6.918.930	231.788
Launatengd gjöld	54.443.296	50.651.117
Starfsmannakostnaður	1.965.703	2.338.527
	<u>306.895.701</u>	<u>279.175.267</u>

Meðalfjöldi stöðugilda

17,5

17,3

4 Annar rekstrarkostnaður

	2023	2022
Húsnæðiskostnaður		
Viðhald, aðkeypt vinna og efni	1.736.622	1.251.625
Leigugjöld	1.323.310	1.218.420
Fasteignagjöld	5.118.212	4.270.570
Öryggisgæsla	2.614.771	2.095.652
Rafmagn og hiti	1.394.004	820.378
Ræsting og hreinlætisvörur	694.108	359.413
Tryggingar	199.558	180.640
Aðrar rekstrarvörur	223.678	378.450
	<u>13.304.263</u>	<u>10.575.148</u>

Skrifstofukostnaður

Aðkeypt sérfræðiþjónusta	5.492.299	3.131.956
Önnur aðkeypt þjónusta	1.257.839	991.190
Hugbúnaður og rekstur upplýsingakerfa	9.259.170	6.079.342
Viðhald og endurnýjun áhalda og búnaðar	1.528.418	715.932
Símakostnaður og afnotagjöld	1.940.569	1.327.278
Bækur, blöð, ritföng og rekstrarvörur	3.359.808	4.090.419
Auglýsingar, útgáfa og kynningarstarfsemi	1.053.590	476.181
Ferðakostnaður	1.056.769	1.410.008
Fundir, ráðstefnur og námskeið/(endurgreitt)	62.985	86.500
Aðkeyptur akstur	691.369	703.555
Fæðiskostnaður	3.774.673	4.468.771
Móttaka gesta og gjafir	352.622	977.445
Pósburðargjöld	998.091	910.988
Þvottur, grímur og sorphreinsun	628.217	604.409
Annar skrifstofukostnaður	356.729	523.612
	<u>31.813.148</u>	<u>26.497.586</u>
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>45.117.411</u>	<u>37.072.734</u>

Sundurliðanir og skýringar, frh.

5 Afskriftir	2023	2022
Áhöld, tæki og búnaður	3.801.982	3.563.822
Söluþap og úreltar eignir	90.684	0
	<u>3.892.666</u>	<u>3.563.822</u>

6 Varanlegir rekstrarfjármunir	31.12.2023	31.12.2022
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	14.941.490	14.355.389
Aðrar eignir	880.000	880.000
	<u>15.821.490</u>	<u>15.235.389</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2023:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2023	33.707.037	909.800	34.616.837
Viðbætur á árinu	4.478.767	0	4.478.767
Selt/úrelt á árinu	(1.022.665)	0	(1.022.665)
	<u>37.163.139</u>	<u>909.800</u>	<u>38.072.939</u>
Afskriftir 1.1.2023	19.351.648	29.800	19.381.448
Afskrift ársins	3.801.982	0	3.801.982
Selt/úrelt á árinu	(931.981)	0	(931.981)
	<u>22.221.649</u>	<u>29.800</u>	<u>22.251.449</u>
Staða 31.12.2023	<u>14.941.490</u>	<u>880.000</u>	<u>15.821.490</u>

7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.	31.12.2023	31.12.2022
Kröfur á tengda aðila greinast þannig:		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	85.899.405	85.950.997
	<u>85.899.405</u>	<u>85.950.997</u>
Skuldir við tengda aðila greinast þannig:		
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila en ríkissjóð	381.957	0
	<u>381.957</u>	<u>0</u>

8 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

	31.12.2023	31.12.2022
Fyrirframgreiddur kostnaður	71.735	2.194
Virðisaukaskattskrafa	0	170.102
	<u>71.735</u>	<u>172.296</u>

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

Hrein eign	2023	2022
Jöfnuður 1.1.	57.879.976	31.627.966
Breyting uppsafnaðrar afkomu á grundvelli reglugerðar nr. 566/2021	(20.469.976)	0
Afkoma ársins	9.583.135	26.252.010
Jöfnuður 31.12.	<u>46.993.135</u>	<u>57.879.976</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eigin fjár yfir á næsta ár er háð samþykki fjármála- og efnahagsráðuneytis. Er þar byggt á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál og að höfðu samráði við viðkomandi stofnun. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Sundurliðanir og skýringar, frh.

10 Ýmsar skammtímaskuldir	31.12.2023	31.12.2022
Ógreitt orlof	32.520.237	25.601.307
	<u>32.520.237</u>	<u>25.601.307</u>

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignanna í formi afskrifta. Til mótvægis við eignfærsluna er færður liður, Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga, sem endurspeglar uppsafnaða fjármögnun ríkisins til fjárfestinga stofnunarinnar, að frádreginni áætlaðri rýrnun eignanna.

Skuldaliður þessi færir til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða fellur niður við sölu þeirra, nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2023	31.12.2022
Frestaðar tekjur vegna eftirstöðva fjárveitinga til fjárfestinga	15.821.490	15.235.389
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga)	4.988.158	4.166.925
Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga	<u>20.809.648</u>	<u>19.402.314</u>

	Uppsöfnuð fjárfesting að frádreginni rýrnun	Ónotuð(ofnýtt) fjárveiting	Samtals frestun tekjufærslu
Staða 1.1.2023	15.235.389	4.166.925	19.402.314
Fjárveiting ársins til fjárfestinga skv. fjárlögum	0	5.300.000	5.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	4.478.767	(4.478.767)	0
Reiknuð tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(3.892.666)</u>	<u>0</u>	<u>(3.892.666)</u>
	<u>15.821.490</u>	<u>4.988.158</u>	<u>20.809.648</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2023 munu kr. 3,4 milljónir koma til tekna á árinu 2024.

12 Aðrar upplýsingar

Húsnæði

Samkvæmt ákvörðun Alþingis hefur umboðsmaður Alþingis afnot af húsnæðinu Templarasund 5, Reykjavík vegna starfsemi sinnar án sérstaks endurgjalds, en aðilar skipta með sér rekstrarkostnaði tengdum húsnæðinu.

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa, ótímabundið. Árlegar greiðslur vegna þjónustusamninga nema um 3,8 milljónum króna.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2023.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir, eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF. Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar eru áhvilandi vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna skrifstofu umboðsmanns Alþingis. Þessar lífeyrisskuldbindingar eru færðar hjá ríkissjóði fyrir allar ríkisstofnanir í A-hluta.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á frjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.